

Sparisjóður Austurlands hf.

Siðareglur
Sparisjóðs Austurlands hf.

1. gr. Almenn

Siðareglur Sparisjóðs Austurlands hf. („SPARAUST“ eða „sparisjóðurinn“) eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis starfsmanna SPARAUST. Viðmiðin gilda um samskipti starfsmanna við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, stofnfjárhafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Siðareglurnar eru leiðbeinandi um hvernig starfsmenn skulu bregðast við siðferðilegum álitamálum.

Siðareglurnar eiga við um alla starfsmenn sparisjóðsins og einnig verktaka og umboðsmenn sem vinna fyrir sparisjóðinn eða koma fram fyrir hönd sparisjóðsins. Siðareglur þessar eru grunnur starfsreglna og verklagsreglna sparisjóðsins.

Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að áréttta ábyrgð hvers og eins. Á starfsmönnum hvílir sú skylda að lesa siðareglurnar og fylgja þeim. Þó þær séu ekki tæmandi hvað varðar dagleg störf, ætti hver og einn starfsmaður að temja sér að fylgja bæði bókstafnum og anda reglnanna og framar öllu að beita dómgreind sinni þegar álitaefni vakna. Þegar þörf krefur eiga starfsmenn að nýta þau úrræði sem sparisjóðurinn veitir til að ræða vafaatriði og álitamál.

Stjórnendur SPARAUST helga sér siðareglurnar og skapa starfsmönnum aðstæður til að fylgja þeim.

Stjórn SPARAUST hefur skuldbundið sig til að fylgja þessum reglum.

2. gr. Skyldur stjórnenda

Sparisjóðsstjóri og innra eftirlit Sparisjóðsins leggja höfuðáherslu á mikilvægi siðareglanna og ábyrgja stjórnarhætti, sbr. yfirlýsingu sparisjóðsins um stjórnarhætti.

Stjórnendur sparisjóðsins sýna gott fordæmi og fylgir siðareglunum í hvívetna.

Sparisjóðsstjóri þróar fyrirtækjamenningu sem gerir starfsmönnum kleift að tileinka sér og fjalla um siðareglurnar, takast á við siðferðileg álitaefni, spyrja spurninga og bera upp áhyggjuefni.

Með ábendingarkerfi sem starfsmenn eru upplýstir um geta þeir leitað til formanns endurskoðunar og áhættunefndar sparisjóðsins ef þeir telja að um misferli á fjármunum sparisjóðsins sé að ræða eða um annað misjafnt sem þeir verða varir við í störfum sínum.

Óheimilt er að refsa starfsmönnum sem tilkynna í góðri trú um ætluð brot annarra.

3. gr. Siðareglur

- Við fylgjum leikreglum samfélagsins og temjum okkur heiðarleika, sanngirni, ráðvendni, hófsemi og varfærni.
- Við erum staðráðin í að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast, tilkynna um ætluð brot til réttra aðila og taka þátt í innlendum og alþjóðlegum aðgerðum gegn svikum, spillingu, peningabætti og fjármögnun hryðjuverka- og glæpastarfsemi.

- Við hlúum að viðskiptatengslum og samskipti okkar við viðskiptavinina eiga að helgast af heilindum þannig að hagur beggja sé tryggður.
- Við hlustum á þarfir viðskiptavinnanna og viljum ávinna okkur traust þeirra. Við tökum mark á athugasemdum og ábendingum viðskiptavinnanna, lærum og bregðumst við þeim tafarlaust og á sanngjarnan hátt. Við ráðgjöf og þjónustu höfum við hagsmunum viðskiptavinnanna að leiðarljósi og leitum þeirra leiða sem henta þeim best.
- Við þjóðum ekki verðmæti, gjafir eða annað sem túlka má þannig að það sé til þess að hafa áhrif á, laða að eða halda viðskiptum og tryggja óeðlilegan ávinning. Við skiljum að allar gjafir og fyrirgreiðsla frá viðskiptavinum til okkar, starfsmanna sparisjóðsins, geta orkað tvímælis. Við þiggjum því ekki gjafir, fyrirgreiðslu eða þjónustu sem haft geta áhrif á dómgreind okkar í starfi. Meðferð gjafa skal ávallt vera í samræmi við reglur sparisjóðsins.
- Það er á ábyrgð okkar allra starfsmanna að byggja upp góða liðsheild og starfsanda. Okkur er umhugað um samstarfsfólkið, viðskiptavinnina og aðra sem hagsmunum eiga að gæta og við sýnum hvert öðru sanngirni og virðingu. Við erum umburðarlynd, tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfum hæfileikum hvers og eins að njóta sín til þess að auðga starf okkar og samfélagið sem við búum í.
- Við einblínum ekki á okkar eigið afmarkaða starfssvið, heldur aukum þekkingu okkar og hjálpum öðrum starfsmönnum að klára sín verkefni.
- Við látum persónulega hagsmunum ekki hafa áhrif á störf okkar fyrir sparisjóðinn. Við misnotum ekki aðstöðu okkar til þess að afla okkur eða tengdum aðilum ávinnings. Við skiljum að hagsmunaaðilum geta jafnt komið upp milli viðskiptavinnanna og sparisjóðsins, viðskiptavinnanna og starfsmanna, starfsmanna og sparisjóðsins og á milli viðskiptavinnanna. Við beitum dómgreind okkar til þess að átta okkur á mögulegum hagsmunaaðilum og koma í veg fyrir þá.
- Við vinnum störf okkar ætíð af fagmennsku og með virðingu fyrir viðskiptavinum, sparisjóðnum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Við sýnum fagmennsku og heiðarleika með því að leita upplýsinga, fylgja lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við störf okkar hverju sinni.
- Við þekkjum og ræðum siðferðileg álitamál sem snerta starf okkar.
- Við sýnum fagmennsku og heiðarleika með því að gæta jafnræðis og með því að fjalla um mál viðskiptavinnanna af nærgætni og trúnaði í anda þessara siðareglna.

- Við skiljum og virðum mikilvægi gagnsæis á fjármálamarkaði og fylgjum þeim lögum sem gilda um samkeppni og aðgang að upplýsingum. Við erum þó alltaf bundin þagnarskyldu um allt það sem við fáum vitneskju um í starfi sem varðar viðskipti eða einkamál viðskiptavina, nema skylt sé samkvæmt lögum að veita upplýsingar. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.
- Við hagnýtum okkur ekki upplýsingar um viðskiptavinum á annan hátt en þeim hefur verið kynnt, né veitum við óviðkomandi aðgang að gögnum sem viðskiptavinir hafa trúað okkur fyrir.
- Okkur er ljóst að orðspor SPARAUST er ein dýrmætasta eign sparisjóðsins. Okkur ber að efla það og varðveita til þess að vinna traust viðskiptavina og skapa góðan vinnustað. Það gerum við best með því að virða og fylgja siðareglunum auk þess sem við hlustum á, lærum af og þjónum viðskiptavinum.

Samþykkt af stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. 22. febrúar 2024